



Alþingi
Erindi nr. P 128/1623
komudagur 10.3.2003

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

10. mars 2003

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (184. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV vilja byrja á að taka fram að námsmenn eru víðast á vildarkjörum í bankakerfinu og borga að jafnaði lægri vexti en meðalvexti skuldabréfa. Til hægðarauka fyrir námsmenn er hins vegar almennt farin sú leið að veita þeim aukna yfirdráttarheimild á eigin bankareikningi, fremur en að fara fram á að þeir taki formlegt skuldabréfalán. Lántökukostnaður er jafnframt lægri með því móti, þar sem ekki eru greidd stimpilgjöld af yfirdráttarlánunum.

SBV telja hins vegar markmið frumvarpsins góð en mundu vilja að stjórnvöld skoðuðu að stíga skrefið til fulls, enda tímabært að breyta frádráttarreglum af vaxtakostnaði þannig að frádrátturinn nái til allra lána, eins og tíðkast á hinum Norðurlöndunum, en ekki einvörðungu fasteignalána eins og hérland skattalög miðast við. Þannig er frádrátturinn í Noregi 28% af öllum vaxtakostnaði, án hámarkspaks, og 33% í Danmörku, einnig án þaks. Í Svíþjóð er frádráttarheimildin 30% af vaxtakostnaði upp að 100.000 sænskum krónum og 21% af kostnaði þar yfir.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri